Hagtíðindi
Statistical Series

Iðnaður
Manufacturing

2004:2 • 16. desember 2004

# Verðmæti seldra framleiðsluvara 2003

*Value of sold production 2003*

*Samantekt*

**Heildarverðmæti seldra framleiðsluvara árið 2003 voru 287 milljarðar og er það samdráttur um þrjá milljarða miðað við árið 2002. Samdráttinn má að miklu leyti rekja til fiskiðnaðar, en heildarverðmæti seldra fiskafurða dróst saman um 14,3%. Á sama tíma jukust verðmæti seldra framleiðsluvara í annarri iðnaðarstarfsemi um 8,9%, en þau fóru úr 168 í 183 milljarða milli áranna 2002 og 2003. Mesta aukningin á þessu tímabili var í efnaiðnaði (50%) en mesti samdrátturinn í framleiðslu á lækninga- og rannsóknartækjum (-18,3%). Hlutdeild atvinnugreina í söluverðmæti framleiðsluvara er stöðug á tímabilinu 2002–2003 en hlutdeild matvæla- og drykkjarvöruiðnaðar er lang mest. Árið 2003 nam hún 55,9% af heildarverðmæti, þar af 34,6% vegna fiskiðnaðar.**

## Iðnaðarskýrslur

*Um skýrslugerðina*

Hagstofa Íslands hefur tekið saman tölur yfir vöruframleiðslu á Íslandi árið 2003. Grundvöllur söfnunar og úrvinnslu upplýsinganna er vöruskrá Evrópusambandsins, Prodcom, og má þannig bera saman iðnaðarframleiðslu hérlendis við önnur lönd á Evrópska efnahagssvæðinu. Fyrir flestar vörutegundir var safnað upplýsingum um *magn og verðmæti seldrar framleiðsluvöru*, en fyrir nokkrar vörur miðast upplýsingarnar við framleiðslumagn og framleiðsluverðmæti. Að auki var safnað upplýsingum um veitta þjónustu sem í vöruskránni er flokkuð sem framleiðsla, þ.m.t. viðgerðarþjónusta.

*Þátttakendur*

Iðnfyrirtæki sem voru með minnst þrjá starfsmenn og/eða yfir 30 milljónir króna í veltu á árinu 2003 fengu sent eyðublað til útfyllingar, alls 609 fyrirtæki. Velta þeirra vegna iðnaðarstarfsemi 2003 eru 282,6 milljarðar króna. Af þessum fjölda veittu 387 fyrirtæki fullnægjandi upplýsingar um seldar framleiðsluvörur; 13 fyrirtæki reyndust ekki eiga heima í könnuninni en seld framleiðsla annarra fyrirtækja var áætluð. Velta þeirra fyrirtækja sem skiluðu nothæfum upplýsingum er áætluð um 88% af heildarveltu þeirra fyrirtækja sem leitað var til (miðað við veltu vegna seldra framleiðsluvara).

*Ný viðmiðunarmörk árið 2003*

Allt til ársins 2003 voru viðmiðunarmörkin fyrir þátttakendur 15 milljóna króna velta og árlegt úrtak því mun stærra. Til að auðvelda gagnasöfnun og minnka álag á svarendur var ákveðið að hækka viðmiðunarmörkin upp í 30 milljóna króna veltu. Þar með fækkaði þátttakendum úr rúmlega 800 í rúmlega 600. Þessi breyting rýrir þó ekki áreiðanleika könnunarinnar, því að samanlögð velta þeirra 200 fyrirtækja sem ekki ná nýju veltulágmarki en náðu eldra veltulágmarki nemur aðeins 1,6% af heildarveltu fyrirtækjanna. Til að tölur fyrir árið 2003 séu samanburðarhæfar við árin á undan voru niðurstöðurnar „blásnar upp“ í sömu viðmið og árin á undan, þ.e. 15 milljón króna veltumörk. Við úrtakið bættust þá 234 fyrirtæki með um 4,6 milljarða í veltu sem áætlað var fyrir út frá tölum

Hagstofa Íslands

síðastliðinna ára. Niðurstöður eru því birtar á tvo vegu fyrir árið 2003. Annars vegar með 15 milljóna króna veltumörkum eins og árin á undan og hins vegar með 30 milljón króna veltumörkum. Framvegis munu niðurstöður einungis verða birtar fyrir þau fyrirtæki sem eru í úrtakinu, þ.e. með 30 milljóna króna veltumörkum en samanburður við árin 1998–2002 mun þá taka mið af niðurstöðum beggja aðferða fyrir árið 2003.

Heildarvelta vegna seldra framleiðsluvara árið 2003 miðað við 30 milljóna króna lágmarksveltu fyrirtækja nam 282,6 milljörðum eins og áður er getið. Ef miðað er við 15 milljóna lágmarksveltu nam heildarvelta seldra framleiðsluvara hins vegar 287,2 milljörðum, eins og sést í töflu 1.

Heildarverðmæti seldra framleiðsluvara eru sem fyrr birt með og án söluverðmæta í fiskiðnaði, en fiskiðnaður er langstærsta einstaka atvinnugreinin, með um og yfir 40% hlutdeild í heildarverðmætum síðustu ár.

*Talnaefni*

Í töflum um iðnaðarframleiðslu eru birtar upplýsingar um heildarverðmæti seldrar framleiðsluvöru fyrir hvert tveggja stafa ÍSAT atvinnugreinanúmer. Heildarverðmætin eru síðan sundurliðuð niður á 3–9 stafa Prodcom vörunúmer. Alls eru birtar upplýsingar yfir 133 vörutegundir. Verðmæti þeirra vörutegunda, sem ekki eru sérstaklega sundurliðaðar eru lögð saman og birt undir safnliðnum „Aðrar vörur ót.a.“ Við þá verðmætatölu bætast ennfremur verðmæti viðgerðarþjónustu þar sem það á við. Fyrir hverja vöru er tilgreind magneining, fjöldi framleiðenda, magn og verðmæti seldrar framleiðsluvöru. Frá þessari reglu er vikið hvað varðar tölur um fiskiðnað og álframleiðslu (ál, f.o.m. 2003) en þær sýna *áætlaða heildarframleiðslu til útflutnings.* Árið 2002 var sú nýbreytni tekin upp að tölur fyrir framleiðslu í mjólkuriðnaði voru fengnar frá Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM) í stað þess að koma frá einstökum framleiðendum.

**Mynd 1. Hlutdeild atvinnugreina í verðmæti seldra framleiðsluvara 2001–2003**
*Figure 1. Share of industries in total value of sold productions 2001–2003*




*Reglur um birtingu talna*

Reglur Hagstofu Íslands um upplýsingaleynd og trúnað við einstök fyrirtæki eru þannig að þegar færri en þrjú fyrirtæki framleiða tiltekna vörutegund, þegar eitt fyrirtæki er með yfir 85% hlutdeild í framleiðslu, eða þegar tvö fyrirtæki hafa yfir 90% hlutdeild, eru framleiðslutölur þeirra ekki birtar nema að höfðu samráði við

hlutaðeigandi framleiðendur. Þar við bætist að framleiðsla á sumum vörutegundum er of lítil til að hægt sé að birta fulla sundurliðun framleiðslunnar. Reynt er að fella slíkar vörur inn í aðra yfirflokka með skyldum vörutegundum, en þegar það er ekki mögulegt eru þær færðar undir safnliðinn „Aðrar vörur ót.a.“.

**Mynd 2. Verðmæti seldra framleiðsluvara (án fiskiðnaðar) 2002 og 2003**
*Figure 2. Value of sold production (excl. fish production) 2002 and 2003*




Myndin sýnir ekki verðmæti seldra fiskafurða sem voru 122 milljarðar árið 2002 og 105 milljarðar árið 2003. *The figure does not show the value of sold fish production which amounted to 122 billion ISK in 2002 and 105 billion ISK in 2003 (for english translation see table 1)*.

## Heildarverðmæti seldrar framleiðslu

*Heildarverðmæti 287 milljarðar árið 2003*

Heildarverðmæti seldra framleiðsluvara voru 287 milljarðar árið 2003, þegar miðað er við fyrirtæki með 15 milljón króna lágmarksveltu. Þau hafa dregist saman um tæp 1% frá árinu 2002 en hafa aukist um tæp 2% ef miðað er við árið 2001. Ef litið er á heildarverðmæti seldra framleiðsluvara fyrir utan fiskiðnað má sjá að þau hafa aukist um 9% milli áranna 2002 og 2003, en þau fóru úr 168 milljörðum árið 2002 í 183 milljarða árið 2003.

Heildarverðmæti útfluttra framleiðsluvara í fiskiðnaði dróst saman um 14,3% frá árinu 2002 og um 8,5% ef miðað er við árið 2001, fóru úr 122 milljörðum árið 2002 í 105 milljarða árið 2003. Á sama tíma hefur þó magnið aukist þrátt fyrir samdrátt verðmæta. Skýringarnar á þessum samdrætti eru lægra afurðaverð og hærra gengi íslensku krónunnar gagnvart erlendri mynt á árinu 2003 (sjá nánari umfjöllun í hefti um útflutning sjávarafurða 2003 í ritröðinni Hagtíðindi)

Ef borin eru saman árin 2001 og 2003 kemur í ljós að aukning á sér stað í sex atvinnugreinum, samdráttur í ellefu og ein stendur í stað. Mest er aukningin í efnaiðnaði. Þar fóru heildarverðmætin úr 8,8 milljörðum í 13,6 á tímabilinu, sem er 53,5% aukning. Í húsgagna-, skartgripa- og hljóðfærasmíði jukust söluverðmæti um 40,6%, fór úr 2,5 í 3,1 milljarð á árunum 2001–2003. Í gúmmí- og plastvöru-framleiðslu fóru heildarverðmætin úr 4,2 í 4,6 milljarða og jukust þar með um 14,7%. Í útgáfustarfsemi og prentiðnaði nam aukningin 8% þar sem söluverðmæti fóru úr 13,7 í 14,1 milljarða milli áranna 2001 og 2003. Í framleiðslu annarra

farartækja nam aukningin 79,4% á tímabilinu, en hún sker sig úr að því leyti til að árið 2003 kom inn stórt fyrirtæki í úrtakið, sem ekki var skráð í iðnað árin á undan.

Milli áranna 2001 og 2003 varð mestur samdráttur í fataiðnaði en verðmæti seldrar framleiðslu fór úr 1,1 milljarði í 0,8 á tímabilinu. Þá var 23,6% samdráttur í atvinnugreininni nám og vinnsla hráefna úr jörðu og 25,3% samdráttur í framleiðslu og viðgerðum rafmagnsvéla og tækja / fjarskiptabúnaðar og tækja.

*Hlutur atvinnugreina*

Þegar litið er á hlutdeild einstakra atvinnugreina í heildarverðmæti seldrar framleiðslu á árunum 2001 til 2003 má sjá að hún er nokkuð stöðug á tímabilinu. Ef árin 2001 og 2003 eru skoðuð sérstaklega sést að matvæla- og drykkjarvöruframleiðsla á t.d. langstærstu hlutdeildina bæði árin, eða 57,9% árið 2001 og 55,9% árið 2003. Vægi efnaiðnaðar hefur aukist nokkuð á þessu tímabili. Árið 2001 var hlutfall efnaiðnaðar 3,1% en hefur hæst farið í 4,8% árið 2003.

## English summary

Total value of sold production amounted to 287 billion ISK in 2003 which is a remote downturn between years, as it was 290 billion ISK in 2002. The downturn can partly be traced to the fish industry whereas the total value of fish production decreased by 14.3% between the years 2002 and 2003. At the same time there was 8.9% increase in the total value of other types of sold production. The greatest increase between 2002 and 2003 was in manufacture of chemical products while the most downturn was in the manufacture of electronic machinery and communication equipment.

The share between industries has been stable between 2002 and 2003. The share of food and beverage manufacture dominated other industries with a share of 55.9% in 2003, there of 34.6% in fish production.

**Tafla 1. Heildarverðmæti seldra framleiðsluvara 2001–2003**
*Table 1. Value of sold production 2001–2003*

| | | 2001 | |
|---|---|---|---|
| | | Verðmæti, millj. kr *Value, mill. ISK* | % |
| 14 | Nám og vinnsla annarra hráefna úr jörðu *Mining and quarrying* | 2.238,9 | 0,8 |
| 15 | Matvæla og drykkjarvöruiðnaður *Manufacture of food products and beverages* | 163.053,5 | 57,9 |
| 17 | Textíliðnaður *Manufacture of textiles* | 3.132,0 | 1,1 |
| 18 | Fataiðnaður; sútun og litun loðskinna *Manufacture of wearing apparel; dressing and dyeing of fur* | 1.147,3 | 0,4 |
| 19 | Leðuriðnaður *Manufacture of leather products* | 47,1 | 0,0 |
| 20 | Trjáiðnaður *Manufacture of wood products* | 3.192,2 | 1,1 |
| 21 | Pappírsiðnaður *Manufacture of paper and paper products* | 1.974,6 | 0,7 |
| 22 | Útgáfustarfsemi og prentiðnaður *Publishing, printing and reproduction of recorded media* | 13.717,7 | 4,9 |
| 24 | Efnaiðnaður *Manufacture of chemicals and chemical products* | 8.837,2 | 3,1 |
| 25 | Gúmmí og plastvöruframleiðsla *Manufacture of rubber and plastic products* | 4.226,8 | 1,5 |
| 26 | Gler-, leir- og steinefnaiðnaður *Manufacture of non-metallic mineral products* | 8.659,7 | 3,1 |
| 27 | Framleiðsla málma *Manufacture of basic metals* | 41.813,6 | 14,8 |
| 28/29 | Málmsmíði og viðg. / Vélsmíði og vélaviðg. *Fabricated metal products/machinery and equipment* | 18.784,5 | 6,7 |
| 31/32 | Framl. og viðg. rafmagnsvéla/tækja / fjarskiptabúnaðar/tækja *Manufacture of el. machinery / communication equipment* | 1.467,1 | 0,5 |
| 33 | Framl. á lækn.tækjum, mæli- og ranns.tækjum, úrum o.fl *Man. of medical, precision and optical instr.* | 3.240,3 | 1,2 |
| 34 | Framleiðsla vélknúinna ökutækja annarra en vélhjóla *Manufacture of motor vehicles and trailers* | 325,8 | 0,1 |
| 35 | Framleiðsla annarra farartækja *Manufacture of other transport equipment* | 3.289,3 | 1,2 |
| 36 | Húsg.iðnaður, skartgripasmíði, hljóðf.smíði og annar iðnaður *Man. of furniture: manufacturing n.e.c* | 2.460,3 | 0,9 |
| | **Alls** ***Total*** | **281.608,0** | **100,0** |
| | Þar af fiskiðnaður *Thereof fish production* | 114.339,9 | |
| | **Heildarverðmæti seldrar framleiðsluvara fyrir utan fiskiðnað** ***Value of sold production excluding fish production*** | **167.268,1** | |

[1] Árið 2003 voru veltumörk fyrirtækja í úrtaki hækkuð úr 15 milljónum í 30. *In the year 2003 the threshold was raised from 15 million ISK to 30 million ISK (annual turnover of enterprises).*

| 2002 | | 2003 | | 2003 Ný veltumörk *New threshold* [1] | |
|---|---|---|---|---|---|
| Verðmæti, millj. kr *Value, mill. ISK* | % | Verðmæti, millj. kr *Value, mill. ISK* | % | Verðmæti, millj. kr *Value, mill. ISK* | % |
| 1.932,8 | 0,7 | 1.710,8 | 0,6 | 1.682,5 | 0,6 |
| 172.812,2 | 59,7 | 160.419,0 | 55,9 | 159.880,1 | 56,6 |
| 3.218,3 | 1,1 | 3.162,1 | 1,1 | 3.068,5 | 1,1 |
| 928,1 | 0,3 | 836,5 | 0,3 | 815,5 | 0,3 |
| 48,0 | 0,0 | 46,5 | 0,0 | 35,3 | 0,0 |
| 2.960,2 | 1,0 | 3.197,8 | 1,1 | 2.896,3 | 1,0 |
| 2.051,1 | 0,7 | 1.957,3 | 0,7 | 1.957,3 | 0,7 |
| 13.888,1 | 4,8 | 14.814,3 | 5,2 | 14.077,6 | 5,0 |
| 9.043,9 | 3,1 | 13.568,6 | 4,7 | 13.517,0 | 4,8 |
| 4.165,6 | 1,4 | 4.848,4 | 1,7 | 4.637,4 | 1,6 |
| 7.403,0 | 2,6 | 8.603,9 | 3,0 | 8.410,4 | 3,0 |
| 42.291,1 | 14,6 | 41.648,7 | 14,5 | 41.648,7 | 14,7 |
| 17.881,6 | 6,2 | 18.498,1 | 6,4 | 16.937,5 | 6,0 |
| 1.254,1 | 0,4 | 1.095,7 | 0,4 | 989,6 | 0,4 |
| 3.799,9 | 1,3 | 3.106,3 | 1,1 | 3.037,3 | 1,1 |
| 204,2 | 0,1 | 291,9 | 0,1 | 274,3 | 0,1 |
| 3.171,5 | 1,1 | 5.899,5 | 2,1 | 5.639,1 | 2,0 |
| 2.581,9 | 0,9 | 3.459,2 | 1,2 | 3.082,7 | 1,1 |
| **289.635,5** | **100,0** | **287.164,4** | **100,0** | **282.587,0** | **100,0** |
| 122.028,8 | | 104.580,0 | | 104.580,0 | |
| **167.606,7** | | **182.584,5** | | **178.007,1** | |

# Tafla 2. Seldar framleiðsluvörur 2003
*Table 2. Sold production 2003*

| Prodcom | | Eining *Units* | Fjöldi fyrirtækja *Number* | Magn *Quantity* | Verðmæti, millj. kr. *Value, mill. ISK* |
|---|---|---|---|---|---|
| **14** | **Nám og vinnsla hráefna úr jörðu, annarra en málma** | | | | **1.682,5** |
| 14211190 | Byggingarsandur | kg | 3 | ... | 173,6 |
| 14211210 | Möl í steinsteypu, til vegagerðar o.þ.h. | tonn | 5 | 1.315.693 | 597,3 |
| 14301389 | Náttúruleg jarðefni, ót.a | kg | 2 | ... | 61,5 |
| 14502250 | Vikur, smergil, náttúrulegt kórund og granat og önnur náttúruleg slípiefni | tonn | 4 | 51.193 | 171,8 |
| 14502320 | Kísilgúr (þ.m.t. kísilsalli og önnur kísilrík jarðefni) | tonn | 1 | 27.513 | 577,6 |
| | Aðrar vörur ót.a | | | | 100,6 |
| **15** | **Matvæla- og drykkjarvöruiðnaður** | | | | **159.880,1** |
| 151111 | Nýtt eða fryst nautgripakjöt | kg | 18 | 4.164.213 | 1.495,9 |
| 151113 | Nýtt eða fryst svínakjöt | kg | 15 | 2.801.293 | 620,7 |
| 15111500 | Nýtt lamba- og kindakjöt | kg | 17 | 4.135.079 | 1.996,0 |
| 15111600 | Fryst lamba- og kindakjöt | kg | 9 | 4.511.383 | 1.790,8 |
| 15111800 | Nýtt eða fryst hrossakjöt | kg | 12 | 620.212 | 146,1 |
| 15111900 | Nýr eða frystur innmatur | kg | 8 | 909.018 | 139,7 |
| 15112 | Óþvegin ull, gærur, húðir og skinn | kg | 5 | ... | 98,9 |
| 151211001 | Nýtt eða kælt kjöt af hænsnum eða kjúklingum | kg | 5 | 5.287.923 | 1.840,1 |
| 15121300 | Annað nýtt, kælt eða fryst kjöt | kg | 2 | ... | 45,9 |
| 151311000 | Svínakjöt, reykt saltað eða þurrkað | kg | 13 | 474.593 | 341,9 |
| 151311001 | Nauta- og kálfakjöt, reykt, saltað eða þurrkað | kg | 3 | 629 | 0,4 |
| 151311002 | Lamba- og kindakjöt, reykt, saltað eða þurrkað | kg | 15 | 1.327.736 | 965,4 |
| 151311009 | Annað kjöt, reykt, saltað eða þurrkað | kg | 3 | 80.394 | 28,9 |
| 15131213 | Pylsur og áþekkar afurðir úr lifur | kg | 4 | 276.697 | 116,4 |
| 15131215 | Pylsur úr öðru en lifur | kg | 9 | 1.401.417 | 700,3 |
| 15131225 | Aðrar unnar vörur úr dýralifur, s.s. lifrarkæfa og lifrarpaté | kg | 6 | 159.662 | 82,1 |
| 15131230 | Unnið kjöt og kjötvörur úr kalkúnum (nema lifur) | kg | 2 | 150.997 | 21,3 |
| 15131240 | Unnið kjöt og kjötvörur úr svínakjöti | kg | 14 | 3.330.120 | 1.756,9 |
| 15131260 | Unnið kjöt og kjötvörur úr nauta- og kálfakjöti | kg | 17 | 2.249.022 | 1.110,3 |
| 15131265 | Unnið kjöt og kjötvörur úr lamba- og kindakjöti | kg | 17 | 1.850.495 | 1.369,9 |
| 15131290 | Aðrar unnar vörur úr kjöti eða innmat | kg | 10 | 984.878 | 669,0 |
| 15199999 | Slátrun og önnur útseld þjónusta | . | 2 | . | 23,2 |
| 15201130 | Fersk fisklifur og hrogn | kg | ... | 49.922 | 32,1 |
| 15201190 | Fersk fiskflök og annar beinlaus fiskur | tonn | ... | 15.038 | 8.737,0 |
| 15201210 | Heilfrystur sjávarfiskur | tonn | ... | 82.888 | 9.784,2 |
| 15201250 | Fryst fisklifur og hrogn | tonn | ... | 7.572 | 1.369,0 |
| 15201270 | Fryst fiskflök | tonn | ... | 104.511 | 31.147,8 |
| 15201290 | Frystur beinlaus fiskur, t.d. gellur | tonn | ... | 31.900 | 2.220,3 |
| 15201310 | Fín- og grófmalað fiskmjöl, fisklifur og hrogn | tonn | ... | 2.161 | 1.105,9 |
| 15201330 | Fiskflök, þurrkuð, söltuð eða í saltlegi | tonn | ... | 14.972 | 5.445,6 |
| 15201353 | Reyktur lax (einnig í flökum) | kg | ... | 118.098 | 123,1 |
| 15201355 | Reykt síld (einnig í flökum) | kg | ... | 8.005 | 4,2 |
| 15201359 | Annar reyktur fiskur (einnig í flökum) | kg | ... | 151.391 | 77,1 |
| 15201370 | Þurrkaður fiskur, saltaður og ósaltaður | tonn | ... | 49.045 | 16.540,0 |
| 15201411 | Unnar vörur úr laxi | kg | ... | 22.718 | 15,7 |
| 15201412 | Unnar vörur úr síld | kg | ... | 939.134 | 92,3 |
| 15201414 | Unninn túnfiskur | kg | ... | 98 | 0,1 |
| 15201419 | Unnar vörur úr öðrum fiski (þó ekki fiskstautar) | kg | ... | 253.590 | 77,7 |
| 15201430 | Unnar vörur úr fiski (þ.m.t. pylsur og kæfa úr fiski) | kg | ... | 404.844 | 150,8 |
| 15201459 | Kavíarlíki | kg | ... | 1.644.676 | 1.371,6 |
| 15201530 | Fryst krabbadýr; fryst mjöl og kögglar úr krabbadýrum; hæft til manneldis | kg | ... | 3.759.932 | 1.731,0 |
| 15201553 | Frystur hörpudiskur og kræklingur; þurrkaður, saltaður eða í saltlegi | kg | ... | 172.391 | 127,8 |
| 15201559 | Vatnahryggleysingjar: frystir, þurrkaðir eða saltaðir | kg | ... | 1.319.305 | 233,5 |
| 15201600 | Unnar afurðir úr krabbadýrum, lindýrum o.þ.h. | tonn | ... | 28.462 | 11.386,5 |

Tafla 2. Seldar framleiðsluvörur 2003 (frh.)
*Table 2. Sold production 2003 (cont.)*

| | | Eining *Units* | Fjöldi fyrirtækja *Number* | Magn *Quantity* | Verðmæti, millj. kr. *Value, mill. ISK* |
|---|---|---|---|---|---|
| 15201700 | Mjöl, gróf- og fínmalað, óhæft til manneldis | tonn | ... | 225.294 | 11.941,9 |
| 15201800 | Óætar fiskafurðir, þ.á m. fiskur til beitu og fóðurs | tonn | ... | 71.387 | 864,9 |
| 153210 | Ávaxta- og grænmetissafi | ltr | 3 | 7.577.730 | 678,6 |
| 1533 | Ávextir og grænmeti | kg | 5 | 1.855.913 | 578,8 |
| 15411150 | Feiti og olíur og þættir þeirra unnar úr fiski eða sjávarspendýrum | tonn | ... | 129.889 | 6.531,3 |
| 15511130 | Mjólk sem í er <= 1% fita, án viðbótarefna | ltr | ... | 3.393.974 | 234,8 |
| 15511140 | Mjólk og rjómi sem í er > 1% fita og <= 3% | ltr | ... | 15.487.266 | 1.060,6 |
| 15511160 | Mjólk og rjómi sem í er > 3% fita og < = 6% | ltr | ... | 14.981.152 | 1.091,5 |
| 15511200 | Rjómi sem í er > 6% fita | ltr | ... | 1.866.699 | 887,5 |
| 15512030 | Þurrmjólk sem í er <= 1,5% fita (undanrennuduft) | kg | ... | 395.408 | 141,5 |
| 15512060 | Þurrmjólk og -rjómi sem í er > 1.5% fita | kg | ... | 234.768 | 82,5 |
| 15513030 | Smjör með <= 85% fitu | kg | ... | 1.118.803 | 455,0 |
| 15513050 | Smjör með > = 85% fitu og önnur fita og olía úr mjólk | kg | ... | 185 | 0,1 |
| 15513070 | Mjólkurviðbit með < 80% fitu | kg | ... | 328.122 | 118,1 |
| 15514030 | Nýr ostur, mysuostur og ystingur (ostamassi) | kg | ... | 470.656 | 349,3 |
| 15514050 | Rifinn og mulinn ostur, gráðostur og annar óunninn ostur | kg | ... | 34.746 | 41,7 |
| 15514070 | Fullunninn ostur (ekki rifinn eða mulinn) | kg | ... | 3.690.980 | 2.696,7 |
| 15515243 | Hrein jógurt eða sýrð mjólk | kg | ... | 2.224.563 | 458,5 |
| 15515245 | Bragðbætt jógurt eða sýrð mjólk | kg | ... | 3.669.734 | 922,5 |
| 155152500 | Hreint skyr | kg | ... | 769.837 | 136,1 |
| 155152501 | Bragðbætt skyr | kg | ... | 1.809.970 | 687,8 |
| 15515265 | Súrmjólk | kg | ... | 1.480.068 | 143,7 |
| 15515540 | Mysa eða umbreytt mysa í vökva- eða deigformi; með eða án sætrar íblöndunar | kg | ... | 260.336 | 16,0 |
| 15515590 | Mjólkurafurðir úr náttúrulegum mjólkurefnum, ót.a. | kg | ... | 5.175.940 | 1.664,5 |
| 15521000 | Rjómaís og annar neysluhæfur ís | ltr | 3 | 3.019.921 | 909,3 |
| 15711010 | Húsdýra- og fiskeldisfóður[1] | tonn | 7 | 89.893 | 3.111,0 |
| 15811100 | Nýtt brauð | kg | 46 | ... | 3.143,9 |
| 15811200 | Kökur og sætabrauð; aðrar bakaríisvörur blandaðar sætuefnum | kg | 45 | ... | 1.657,3 |
| 15821150 | Tvíbökur, ristað brauð og áþekkar ristaðar vörur | kg | 3 | 4.683 | 3,2 |
| 158213 | Annað brauð, kex eða kökur[2] | kg | 38 | ... | 971,3 |
| 15821253 | Sætakex og smákökur, vöfflur og kexþynnur, húðaðar eða hjúpaðar súkkulaði | kg | 7 | 509.793 | 301,1 |
| 15842233 | Fyllt súkkulaði í plötum eða stöngum með fyllingu | kg | 4 | 131.295 | 94,0 |
| 15842235 | Súkkulaði í plötum eða stöngum með korni, ávöxtum eða hnetum | kg | 5 | 268.612 | 216,9 |
| 15842239 | Súkkulaði í plötum eða stöngum (hreint) | kg | 3 | 339.216 | 203,9 |
| 158422909 | Matvörur með kakói, ót.a.[3] | kg | 5 | 349.354 | 451,5 |
| 158422901 | Önnur matvæli húðuð eða hjúpuð súkkulaði[4] | kg | 6 | 888.199 | 496,6 |
| 15842390 | Sætindi ót.a.[5] | kg | 5 | 831.900 | 446,4 |
| 158611 | Brennt kaffi | kg | 3 | ... | 338,1 |
| 1587 | Krydd og bragðefnaframleiðsla | kg | 5 | 1.660.720 | 367,5 |
| 15891499 | Önnur unnin matvæli ót.a. | kg | 27 | ... | 2.055,7 |
| 159610 | Bjór, pilsner og malt | ltr | 2 | 12.935.353 | |
| 159811 | Vatn, þ.m.t. kolsýrt vatn með eða án sætuefna | ltr | 3 | 5.194.114 | 4.973,3 |
| 15981230 | Gosdrykkir (þ.m.t. ölkelduvatn og kolsýrt vatn) með sætu- og bragðefnum | ltr | 2 | 44.568.581 | |
| | Aðrar vörur ót.a | | | | 1.222,0 |
| **17** | **Textíliðnaður** | | | | **3.068,5** |
| 17102000 | Náttúrulegar textíltrefjar unnar fyrir spuna | kg | 1 | 730.015 | 112,4 |
| 17104200 | Ullargarn, ekki til smásölu | kg | 3 | 786.433 | 260,5 |
| 1740 | Tilbúin textílvara önnur en fatnaður | ... | 4 | ... | 135,5 |
| 17521 | Framleiðsla á köðlum, garni og netum | kg | 10 | ... | 1.854,4 |
| 17529000 | Viðgerðir á netum og köðlum | . | 14 | . | 479,7 |
| 17601200 | Prjónaður og heklaður dúkur, ót.a. | kg | 4 | ... | 79,5 |

Tafla 2. Seldar framleiðsluvörur 2003 (frh.)
*Table 2. Sold production 2003 (cont.)*

| Prodcom | | Eining *Units* | Fjöldi fyrirtækja *Number* | Magn *Quantity* | Verðmæti, millj. kr. *Value, mill. ISK* |
|---|---|---|---|---|---|
| 17721000 | Peysur, vesti o.þ.h. vörur prjónaðar eða heklaðar | stk | 5 | 33.928 | 79,0 |
| | Aðrar vörur ót.a | | | | 67,5 |
| **18** | **Fataiðnaður, sútun og litun loðskinna** | | | | **815,5** |
| 1824 | Annar fatnaður og fylgihlutir | ... | 7 | ... | 129,1 |
| 1830 | Sútun og litun loðskinna; framleiðsla úr loðskinnum | ... | 3 | ... | 644,1 |
| | Aðrar vörur ót.a | | | | 42,3 |
| **19** | **Leðuriðnaður** | | | | **35,3** |
| **20** | **Trjáiðnaður** | | | | **2.896,3** |
| 20301 | Smíðahlutir úr viði til húsasmíða | ... | 9 | ... | 1.342,6 |
| 20401133 | Vörubretti (flöt) og brettakarmar úr viði | stk | 4 | ... | 174,4 |
| | Útseld viðgerðarþjónusta í trjáiðnaði | ... | 14 | ... | 123,8 |
| | Önnur ótalinn framleiðsla úr tré | | 15 | ... | 1.255,5 |
| **21** | **Pappírsiðnaður** | | | | **1.957,3** |
| **22** | **Útgáfustarfsemi og prentiðnaður** | | | | **14.077,6** |
| 2211 | Bókaútgáfa | stk | 16 | ... | 1.989,4 |
| 22121000 | Dagblöð, fréttablöð og tímarit, útgefin a.m.k. fjórum sinnum í viku | stk | 4 | ... | 4.819,9 |
| 22131000 | Dagblöð, fréttablöð og tímarit, sem koma út sjaldnar en fjórum sinnum í viku. | stk | 9 | ... | 763,3 |
| 22211000 | Prentun dagblaða, fréttablaða og tímarita sem gefin eru út minnst fjórum sinnum í viku | . | 4 | . | 491,4 |
| 2222 | Prentun[6] | . | 36 | . | 5.655,1 |
| 2225 | Önnur þjónusta tengd prentiðnaði[7] | . | 3 | . | 236,0 |
| | Aðrar vörur ót.a | | | ... | 122,5 |
| **24** | **Efnaiðnaður** | | | | **13.517,0** |
| 2430 | Málning, þekju-, fylli- og þéttiefni | kg | 3 | 2.832.935 | 1.344,5 |
| 2451 | Sápa, hreinsi- og þvottaefni, hreingerningar- og fægiefni | kg | 4 | 22.530 | 549,9 |
| 2452 | Ilmvatn og snyrtivörur | kg | 3 | ... | 177,0 |
| 246 | Annar efnaiðnaður | ... | 6 | ... | 551,2 |
| | Aðrar vörur ót.a | | | ... | 10.894,3 |
| **25** | **Gúmmí- og plastvöruframleiðsla** | | | | **4.637,4** |
| 251 | Gúmmívöruframleiðsla | ... | 4 | ... | 228,5 |
| 2522 | Umbúðaplast | ... | 10 | ... | 2.782,0 |
| 2523 | Byggingavörur úr plasti | ... | 8 | ... | 450,4 |
| 2524 | Aðrar plastvörur[8] | ... | 14 | ... | 1.176,5 |
| **26** | | | | | **8.410,4** |
| 2611 | Glerplötur | m² | 4 | 31.667 | 94,3 |
| 26121330 | Marglaga einangrunargler[9] | m² | 8 | 226.694 | 800,2 |
| 26511230 | Sement | tonn | 1 | 84.907 | 600,4 |
| 266111 | Hleðslusteinar, múrsteinar, þaksteinn, flísar o.þ.h. vörur úr sementi, steinsteypu eða gervisteini | m² | 7 | ... | 529,2 |
| 26611200 | Steyptar byggingareiningar úr sementi, steinsteypu eða gervisteini | kg | 4 | ... | 789,9 |
| 26611300 | Rör úr sementi, steinsteypu, eða gervisteini | kg | 4 | ... | 245,0 |
| 26631000 | Tilbúin steinsteypa | $m^3$ | 11 | 328.098 | 2.855,2 |
| 2670 | Annar unninn steinn til höggmyndagerðar eða bygginga | | 3 | ... | 242,6 |
| 26821300 | Malbik | tonn | 5 | 224.657 | 1.037,3 |
| 26821610 | Gjallull, steinull o.þ.h. | kg | 1 | 178.665 | 680,4 |
| | Aðrar vörur ót.a. | | | | 535,8 |

Tafla 2. Seldar framleiðsluvörur 2003 (frh.)
*Table 2. Sold production 2003 (cont.)*

| Prodcom | | Eining *Units* | Fjöldi fyrirtækja *Number* | Magn *Quantity* | Verðmæti, millj. kr. *Value, mill. ISK* |
|---|---|---|---|---|---|
| **27** | **Framleiðsla málma** | | | | **41.648,7** |
| 27352013 | Kísiljárn | tonn | 1 | 117.171 | 5.715,0 |
| 27352090 | Annað járnblendi, ót.a. | tonn | 1 | 23.830 | 207,4 |
| 27421130 | Hreint, óunnið ál | tonn | 1 | 286.022 | 34.252,2 |
| | Aðrar vörur ót.a | | | | 1.474,1 |
| **28/29** | **Málmsmíði og viðgerðir / Vélsmíði og vélaviðgerðir** | | | | **16.937,5** |
| **31/32** | **Framleiðsla og viðgerðir annarra ótalinna rafmagnsvéla og tækja / fjarskiptabúnaðar og tækja** | | | | **989,6** |
| **33** | **Framleiðsla á lækningatækjum, mæli- og rannsóknartækjum, úrum o.fl.** | | | | **3.037,3** |
| **34** | **Framleiðsla vélknúinna ökutækja annarra en vélhjóla** | | | | **274,3** |
| **35** | **Framleiðsla annarra farartækja** | | | | **5.639,1** |
| **36** | **Húsgagnaiðnaður, skartgripasmíði, hljóðfærasmíði, sportvörugerð, leikfangagerð og a. ót. iðnaður** | | | | **3.082,7** |
| 361 | Húsgagnaiðnaður | | 30 | ... | 2.763,5 |
| 362 | Skartgripasmíði | | 3 | ... | 170,0 |
| | Aðrar vörur ót.a | | | | 149,2 |
| | **Alls** | | | | **282.587,0** |

1 Þ.m.t. 15721030 - Hunda- og kattafóður.
2 Þ.m.t. 15821255 - Sætakex, þ.m.t. kremkex (ekki húðað eða hjúpað súkkulaði eða súkkulaðikremi)
3 Bæði 15842239 - Hreint súkkulaði í plötum eða stöngum og 15842235 - Súkkulaði í plötum eða stöngum með korni, ávöxtum eða hnetum
4 Þ.m.t. 158422902 - Páskaegg og 158422903 - Íssósur og ídýfur, 158422531 - Konfekt, 158422539 - Annað fyllt súkkulaðisælgæti
5 Þ.m.t. 158423200 - Lakkrís og lakkrísvörur, 15842355 - Hálstöflur, 15842363 - Sykurhúðaðar töflur, 15842365 - Gúmmí og ávaxtahlaup, 15842373 - Brjóstsykur, 15842375 - Karamellur.
6 Þ.m.t. 221411500 - Útgáfa tónlistar á geisladiskum
7 Þ.m.t. 2224 - Prentsmíð.
8 Þ.m.t. 2521 Plötur, rör o.þ.h. úr plastefnum
9 Þ.m.t. 26121190 - Plötugler og 261212 - Öryggisgler.

Hagtíðindi
Statistical Series

**Iðnaður**
***Manufacturing***

89. árgangur nr. 60
2004:2

ISSN 0019-1078
ISSN 1670-455X (pappír *paper*) • ISSN 1670-4568 (pdf)

Verð *Price* ISK 500

Umsjón *Supervision* Þórarinna Söebech • thorarinna.soebech@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000
Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099
afgreidsla@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland
Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlega getið heimildar. *Please quote the source.*
www.hagstofa.is/hagtidindi *www.statice.is/series*